



## Starfsmannastefna Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Ábyrgðarmaður: Emil Sigurjónsson, framkvæmdastjóri mannauðssviðs.

## Efnisyfirlit

|                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| Inngangur .....                      | 3 |
| Ráðningar .....                      | 3 |
| Kjaramál.....                        | 4 |
| Menntun og starfsreynsla .....       | 4 |
| Samskipti og boðleiðir .....         | 4 |
| Heilsa, öryggi og vinnuumhverfi..... | 5 |
| Starfslok.....                       | 6 |

## Inngangur

Starfsmannastefna Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) nær yfir alla starfsmenn HSA. Um réttindi og skyldur starfsmanna fer samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn nr. 70/96. Með starfskjör er farið samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, stofnanasamninga og ráðningarsamninga. Starfsmannastefna HSA er leiðarljós allra starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar og jafnréttisáætlun HSA styður við hana sem byggir á lögum nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum sem snúa að jafnréttismálum.

## Ráðningar

Við ráðningu í laus störf er það haft að leiðarljósi að viðkomandi uppfylli sem best þær kröfur sem gerðar eru til starfsins. Ef á annað kynið hallar ber að sýna sérstaka aðgát vegna jafnréttissjónarmiða og reyna eftir fremsta megni að rétta hlut þess kyns sem á hefur hallað, sjá nánar í jafnréttisáætlun HSA. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju starfsfólki, kynna því starfsemina, aðstæður og tryggja hæfilega starfsþjálfun. Grundvöllur ráðningar er að fyrirbyggjandi heimild sé fyrir henni í rekstraráætlun og að fengnu samþykki mannauðssviðs sem einnig ber ábyrgð á að auglýsa störf og ráðningu starfsmanna í umboði forstjóra. Rekstrarstjóri og deildarstjóri annast ráðningar samkvæmt ráðningarreglum HSA (sjá nánar [hér](#) í ráðningarreglum HSA). Sérstaklega þarf að sækja um nýjar stöðuheimildir til framkvæmdastjórnar. Tryggja skal að umsækjandi uppfylli sem best þær kröfur sem eru gerðar til starfsins. Leitað er eftir umsögn og/eða meðmælum umsækjanda.

Ráðningarsamningur er gerður við starfsmann áður en hann hefur störf. Í ráðningarsamningi skal tekið fram að reynslutímabil sé þrjú mánuðir og varanleg ráðning taki gildi að þeim tíma liðnum, hafi hvorugur aðilinn sagt samningnum upp fyrir þau tímamörk. Ráðningarsamningur er gerður af launafulltrúa að höfðu samráði við rekstrarstjóra og deildarstjóra viðkomandi deildar skv. reglum um ráðningar.

Hverjum ráðningarsamningi skulu fylgja eftirfarandi gögn; röðunarblað, starfslýsing, starfsleyfi, staðfesting á bólusetningum (skv. verklagi um bólusetningar), þagnarskylda og samskiptareglur. Öll þessi gögn skulu vera undirrituð af starfsmanni áður en viðkomandi hefur störf. Ráðningarferlið fer fram með rafrænum hætti í gegnum mannauðskerfi ríkisins.

Allir nýráðnir starfsmenn skulu fara í gegnum nýliðanámskeið HSA. Lögð er áhersla á að nýtt starfsfólk fái upplýsingar um starfsemi viðkomandi deildar og stjórnskipulag HSA. Veittur skal hæfilegur

tími til aðlögunar. Ef sýnt verður að starfsmaður ræður ekki við starfið og/eða aðlagast ekki ber yfirmanni hans að leita lausna t.d. með frekari þjálfun eða námskeiðum.

## Kjaramál

Gildandi kjarasamningum og stofnanasamningum skal fylgt og ákvæðum þeirra samninga, unnið er samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Leitast er við að hafa upplýsingar um kjara- og launamál aðgengilegar sem og ráðgjöf við starfsfólk. Greidd skulu jöfn laun og starfsfólk skal njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir alla (sjá nánar í jafnréttisáætlun HSA).

## Menntun og starfsreynsla

Áhersla er lögð á að styrkja starfsfólk til starfsþróunar og skapa því tækifæri til að auka þekkingu sína, færni í starfi og hæfni til að starfa með öðrum. Hvetja skal starfsfólk til þátttöku í rannsóknnum, gæða- og vísindastarfi. Tryggt skal að starfsfólk njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar þ.á.m. varðandi námsleyfi, óháð kyni (sjá nánar í jafnréttisáætlun HSA).

## Samskipti og boðleiðir

Samskipti starfsfólks HSA skal grundvallast af virðingu fyrir skoðunum og tilvist annarra. Starfsfólk er upplýst um réttar boðleiðir og mikilvægar upplýsingar eru aðgengilegar öllu starfsfólki HSA. Sjá nánar samskiptareglur HSA. Starfsfólk HSA skal virða siðareglur starfsstéttta og trúnað gagnvart sjúklingum og samstarfsfólki um persónuleg og viðkvæm mál.

Upplýsingar skulu settar fram á skýran og greinagóðan hátt. Yfirmenn bera ábyrgð á að upplýsingamiðlun til starfsmanna sé virk. Deildarstjóri eða næsti yfirmaður skal eiga regluleg samtöl við starfsfólk og veita því beina endurgjöf varðandi starf sitt. Tilgangurinn er að gefa starfsmanni tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugmyndum varðandi starf og starfsumhverfi á framfæri.

Lögð er áhersla á umhyggju og virðingu í samskiptum manna í milli. Framkoma sem skapar öðrum vanlíðan eða óöryggi er ekki umborin. Fyllsta trúnaðar er gætt varðandi persónuleg og viðkvæm mál

starfsmanna. Forstjóri eða staðgengill hans annast samskipti stofnunarinnar við fjölmiðla að því er tekur til rekstrar, umfram almennar upplýsingar sem gefnar eru út handa almenningi eða birtar hafa verið í fjölmiðlum að frumkvæði HSA.

## Heilsa, öryggi og vinnuumhverfi

Tryggt er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum starfsmanna séu samkvæmt lögum nr. 77/82. Stjórnendur og starfsfólk HSA skulu í störfum sínum hafa heilsueflingu í huga og starfsmenn eru hvattir til eigin heilsueflingar.

Stefnt er að því að styrkja heilbrigði og starfsgetu starfsmanna með því að hafa áhrif á vinnuumhverfi og þekkingu þeirra þannig að þeir geti sem best sinnt þjónustu sinni við skjólstæðinga HSA. Málefni sem snerta heilsu, öryggi og vinnuumhverfi er sameiginlegt verkefni allra starfsmanna HSA. Óhöpp og önnur slys starfsmanna eru skráð. Leitast er við að tryggja öryggi starfsmanna með forvörnum gegn sýkingum, slysum, óhöppum og álagseinkennum.

## Jafnrétti

HSA leggur ríka áherslu á að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynja. Jafnrétti skal vera virkur þáttur í allri starfsemi HSA. Stjórnendur og starfsfólk skulu vera meðvituð um mikilvægi þess að allir fái notið sín án tilliti til kynferðis, kynvitundar, þjóðernis, litarháttar, búsetu, trúarbragða eða aldri. HSA stefnir jafnframt að jöfnu hlutfalli milli kynja meðal starfsmanna og að störf flokkist ekki kynbundið.

*Megináherslur HSA í jafnréttismálum eru neðangreindar:*

- Greiða skal jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk.
- *Hlutfall kynja haldist sem jafnast í mismunandi starfsgreinum innan stofnunarinnar.*
- Sérstök áhersla er lögð á að jafna stöðu kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum og skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum HSA.
- Gæta þess að allir njóti sömu möguleika til starfsþróunar, náms og fræðslu, óháð kyni.
- Stofnunin leitast við að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur atvinnu- og einkalífs eins og kostur er.

## Starfslok

Heilbrigðisstofnun Austurlands leitast við að koma til móts við þarfir starfsfólks við starfslok.

Starfsmanni sem er að ná 70 ára aldri skal sagt upp störfum með lögboðnum uppsagnafresti sem getur verið á bilinu þrjú til sex mánuðir. Yfirmaður viðkomandi starfsmanns skal ræða við hann um fyrirkomulag starfsloka með hæfilegum fyrirvara og skipuleggja starfslok.

Almennar uppsagnir skulu vera skriflegar og æskilegt er að starfslokaviðtöl fari fram til að greina orsakir starfsmannaveltu. Með uppsagnir af hálfu HSA skal fara samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**Aðrar stefnur og reglur HSA sem hefur verið vísað til hér að ofan má nálgast hér:**

[Áætlun um viðbrögð við einelti](#)

[Viðverustefna](#)

[Persónuverndarstefna](#)

[Jafnréttisáætlun](#)

[Verklag við ráðningar](#)

[Siðareglur starfsmanna ríkisins](#)

[Jafnlaunahandbók](#)

**Starfsmannastefna var endurskoðuð og samþykkt af framkvæmdastjórn HSA, 6. febrúar 2020.**

Guðjón Hauksson, forstjóri,

Emil Sigurjónsson, framkvæmdastjóri mannauðssviðs,

Nína Hrönn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar,

Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga,

Svava Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála.